

3. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 5. júlí 2022 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.

Mætt: Vagn Ingólfsson, Ævar Sveinsson og Baldwin Leifur Ívarsson. Fundargerð ritaði Lilja Ólafardóttir, bæjarritari.

- 1) Kristinn, Björn, Ragnar og Matthías eru í sumarfríi, en það komu skýrslur frá þeim flestum í tölvupósti.
- 2) Kristinn lét vita af því að vinna við framkvæmdir við Svöðufoss gengju vel. Þar væri verið að vinna við undirstöður undir brúna. Jafnframt gengi vel að helluleggja við Bárð Snæfellsás á Arnarstapa.
- 3) Matthías sendi skýrslu um að það sem hefði verið gert á síðastliðnum mánuði væri að völlurinn hefði verið djúphreinsaður og saumsprettur á grasinu hefðu verið lagaðar. Búið er að laga hjól á mörkunum og setja ný net í 4 mörk. Búið er að málá varamannaskýlin. Vallarsvæðið hefur verið snyrt og slegið. Brotið grindverk við íþróttahúsíð hefur verið fjarlægt. Í sundlauginni var skiptu um spólurofa í varmadælu og nuddið lagað í pottinum inni.
- 4) Það sem stendur til að gera í mánuðinum er að bera á saunatunnum, málá vallarstúkurnar í hvítá og gula litnum og gera við múninn á íþróttahúsinu. Jafnframt stendur til að málá bílastæðalínur fyrir íþróttahús og skóla og jafnframt að málá austur- og norðurhlíðar sundlaugarhússins. Haldið verður áfram með almenna hreinsun og viðhald, t.d. verður þrifid gras af hellum og úr niðurföllum ásamt því að frárennsluð í sturtunum í karlaklefa í sundlaug verður lagað.
- 5) Björn lét vita af því að framkvæmdir halda áfram við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík, m.a. er unnið við lagnaskurði og masturshús. Hann sagði jafnframt frá því að endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík eru hafnar. RARIK er að leggja nýja heimtaug fyrir hafnarsjóð að Norðurgarði í Ólafsvík og í síðustu viku bauð Vegagerðin úr framkvæmdir við þrjú sjóvarnaverkefni í Snæfellsbæ, þ.e. við Ólafsbraut og Ennisbraut í Ólafsvík og á Hellnum. Tilboð verða opnuð 19. júlí n.k.
- 6) Vagn sagði frá því að búið er að rífa dúk af einni stofu í Ólafsvík og parket af annarri. Einar dúkari ætlaði að vera búinn að vera að vinna stofurnar áður en hann fór í frí, en það náðist ekki. Hann kemur úr frí 6. Júlí svo þá verður farið í að undirbúa og leggja dúkinn. Það er búið að skipta út flúrlýsingi í einni kennlustofu í Ólafsvík og setja LED lýsing. Járnin á aparólunni voru tekin niður og voru sandblásin og zinkhúðuð. Búið er að málá eina skólastofu. Vagn hefur áhyggjur af sprungum sem sifellt myndast í vegg við strákaklösettið í Ólafsvík, þrátt fyrir viðgerðir. Er búinn að kanna aðferð sem kallast inndæling sem hefur gefist vel í kirkjunum í Ólafsvík og á Ingjaldshóli og er búinn að setja sig í samband við aðila sem ætlar að koma og skoða þessar sprungur í skólanum og athuga hvort ekki sé hægt að gera við þær með þessum hætti. Á Hellissandi er búið að steypa ramp við gamla skólann og búið að brjóta upp alla flísalögnum í anddyri barnanna. Kom í ljós að öll ílögnum var laus frá plötunni svo það þurfti að brjóta hana upp og fjarlægja líka. Pípararnir eru búnir að setja hitalögnum og búið að flota svo rýmið er klárt í flísalögnum. Rennihurðin er komin í. Það er búið að saga og fjarlægja stétt fyrir framan anddyrið. Búið er að setja upp ný körfuboltaspjöld og körfur, og svo er búið að vera að dunda í leiktækjunum jafnt og þétt.
- 7) Það sem framundan er í Ólafsvík er að dúkleggja stofurnar tvær og stendur til að málá eina stofu. Síðan verður skipt út flúrlýsingi í tveimur stofum í viðbót og sett upp LED lýsing. Það þarf að fjarlægja ónýtt leiktæki og stefnt er að því að setja upp pannavöll þar í staðinn, en sað völlur er til. Þar verður haldið áfram að dytta að leiktækjum og málá skólalóðina. Á Hellissandi

*Vi
Ævar Sveinsson*

*BB
Lilja Ólafardóttir*

verður flísalagt anddyrið og frágangur á anddyrinu að því loknu, settir upp snagar og hillur. Það verður steyptur rampur fyrir utan anddyri barnanna og það verður sett upp grindverk við rampinn í gamla skólanum. Lalli er byrjaður í háprýstíþvotti á skólanum á Hellissandi og verður í því áfram í mánuðinum.

- 8) Leifur hefur ekkert gert – enda nýkominn úr sumarfríi ☺ Búið er að ljúka við íbúðina 0201 í Vallholti 19 og stendur til að ljúka hinni fljótlega. Eitt herbergi á Jaðri hefur verið málað og búið er að skipta um afgreiðsluborð í sundlauginni á Lýsuhóli. Pípari er búinn að vera að skipta um klósett og blöndunartæki í íbúð 0101 í Vallholti 19. Nokkurt viðhald hefur líka verið á öðrum íbúðum. Verið er að mála grindverk og bekki út um allan bæ. Á Jaðri er verið að mála og bera á veggi, palla og grindverk.
- 9) Einar dükari mun koma til okkar eftir helgina í síðasta lagi og þá verður farið í skólann, Jaðar og leikskólann. Leikskólinn er að fara í frí í lok vikunnar og þá verður farið í að vinna í listanum sem barst frá leikskólastjóranum varðandi viðhald, bæði smátt og stórt.
- 10) Ævar sagði að 7-10 dagara hefðu farið í girðingarviðhald. Vallarhúsið er nánast tilbúið. Búið er að taka vel í gegn á Arnarstapa. Þar er búið að vera að snyrta og laga og hefur gengið vel og er vel gert. Hins vegar er aðstaðan á Arnarstapa sprungin miðað við þann fjölda ferðamanna sem þar koma. Það vantar tilfinnanlega rútustæði og salernishús.
- 11) Næsti fundur verður þriðjudaginn 9. ágúst kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:30

Baldur L
Óscar Ólafsson
Dóttir Ólafsdóttir